



Umhverfis- og skipulagsráð

Reykjavík, 22. janúar 2026

MSS24110023

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 20.1.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um matvöruverslun á Bauhaus-reit

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að ráðist verði í breytingu á aðalskipulagi, sem heimili rekstur matvöruverslunar á reit M9c (Bauhaus-reit), sem er á skilgreindu miðsvæði við Lambhagaveg og Vesturlandsveg. Nú er óheimilt að vera með matvöruverslun á umræddum reit samkvæmt aðalskipulagi.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Fram fer nafnakall um afgreiðslu tillögunnar að ósk fjögurra borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins með vísan til ákvæða 3. mgr. 28. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Viðreisnar.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Framsókn styður þessa sjálfsögðu tillögu um að heimila að byggð verði matvöruverslun á Bauhaus-reit. Meirihlutinn hefur beðið um árábil eftir því að lágvöruverslun opni í því húsnæði sem er til staðar í Úlfarsárdal en það hefur ekki gengið því húsnæðið sem völ er á í hverfinu er of lítið. Meirihlutinn vísar tillögunni til umhverfis- og skipulagsráðs en það er að mati Framsóknar tilgangslaust enda kom fram í umræðunni að meirihlutinn styður ekki að í Úlfarsárdal rísi verslun af þeirri stærð sem verslunarkerðjurnar hafa lýst að þær þurfi til þess að þær beri sig. Framsókn styður stefnu um 15 mínútna hverfið en telur hins vegar mikilvægt að bregðast við ákalli íbúa í Úlfarsárdal um lágvöruverslun.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.

Afrit:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins



Reykjavík



Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um matvöruverslun á Bauhaus-reit

Lagt er til að ráðist verði í breytingu á aðalskipulagi, sem heimili rekstur matvöruverslunar á reit M9c (Bauhaus-reit), sem er á skilgreindu miðsvæði við Lambhagaveg og Vesturlandsveg. Nú er óheimilt að vera með matvöruverslun á umræddum reit samkvæmt aðalskipulagi.

Greinargerð

Grafarholt og Úlfarsárdalur eru ört vaxandi hverfishlutar og þar búa nú um níu þúsund manns. Íbúar hverfisins hafa lengi óskað eftir því að sköpuð verði skilyrði fyrir rekstri stórverslunar með lágu vöruverði og miklu vöruúrvali í hverfishlutanum. Bauhaus-reiturinn (M9c) er ein stærsta atvinnulóð borgarinnar. Samkvæmt aðalskipulagi er heimilt að byggja 3-4 þúsund fermetra atvinnuhúsnæði á lóðinni til viðbótar því sem þegar hefur verið byggt þar, en þó ekki matvöruverslun. Eigendur Bauhaus hafa hug á því að nýta lóðina undir matvöruverslun en hafa hingað til ekki fengið heimild borgarinnar til þess vegna stífra skilyrða í aðalskipulagi. Sjálfsagt er að Grafhyttingar og Úlfðælingar njóti nútímaverslunarháttá og þurfi ekki að leita langt yfir skammt eftir nauðsynjum. Er því rétt að þeir hafi aðgang að stórverslun með miklu úrvali og lágu vöruverði eins og íbúar annarra hverfa borgarinnar. Miðað við skipulag hverfisins hentar Bauhaus-reiturinn best fyrir slíka starfsemi. Tilkoma slíkrar verslunar á reitnum myndi fela í sér mikla þjónustubót fyrir íbúa Grafarholts og Úlfarsárdals.

